



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

13. febrúar, 2012

Ákvörðun nr. 2/2012

## **Dagsektir vegna vanræsklu FoodCo hf. á afhendingu upplýsinga**

### **I.**

#### **Málavextir**

Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2011, „*Samkeppnin eftir hrun*“ sem gefin var út í júní árið 2011, var greint frá niðurstöðum rannsóknar á stöðu um 120 fyrirtækja á völdum samkeppnismörkuðum. Með útgáfu skýrslunnar lýsti Samkeppniseftirlitið sjónarmiðum sínum um stöðu atvinnulífsins, endurskipulagningu þess og samkeppnina. Markmiðið var að hvetja til umræðu um lausnir á vandanum við endurskipulagningu fyrirtækja og freista þess þar með að flýta nauðsynlegum aðgerðum.

Samkeppniseftirlitið taldi mikilvægt að fylgja þessari skýrslu eftir með annarri könnun á stöðu sömu fyrirtækja. Með bréfi dagsettu 9. desember 2011 fór Samkeppniseftirlitið þess á leit við FoodCo hf. (FoodCo) að það myndi taka þátt í könnun sem send yrði með tölvupósti á tengilið fyrirtækisins. Markaðs- og miðlarannsóknir ehf. fór með umsjón könnunarinnar en fyrirtækið hafði undirritað samning um trúnað og þagnarskyldu við framkvæmd könnunarinnar. Samkeppniseftirlitið vildi með þessu afla upplýsinga og sjónarmiða svo unnt væri að nýta þær til frekari stefnumörkunar um aðgerðir vegna banka og fjárhagslegrar endurskipulagningar. Óskað var eftir því að könnuninni yrði svarað eigi síðar en 22. desember sama ár.

Með bréfi dagsettu 23. desember 2011 var beiðni Samkeppniseftirlitsins ítrekuð og þess krafist að FoodCo svaraði upplýsingabeiðni Samkeppniseftirlitsins. Beiðnin var sett fram með vísan til ákvæða 19. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Gefinn var frestur til 5. janúar 2012 til þess að svara upplýsingabeiðninni. Einnig var tekið fram í bréfinu að ef umrædd gögn bærust ekki fyrir framangreint tímamark myndi Samkeppniseftirlitið mögulega leggja á fyrirtækið dagsektir skv. 38. gr. samkeppnislaga.

Með bréfi dagsettu 10. janúar 2012 tilkynnti Samkeppniseftirlitið að til skoðunar væri að leggja dagsektir á FoodCo ásamt því að fyrirtækinu væri heimilt að koma á framfæri andmælum. Frestur til þess að koma á framfæri andmælum var veittur til 17. janúar 2012.



FoodCo hefur ekki svarað framangreindum bréfum Samkeppniseftirlitsins.

## II.

### Niðurstaða

Samkvæmt 8. gr. samkeppnislaga er það m.a. hlutverk Samkeppniseftirlitsins að fylgjast með þróun á samkeppnis- og viðskiptaháttum á einstökum mörkuðum í íslensku viðskiptalífi. Samkvæmt ákvæðinu skal Samkeppniseftirlitið birta skýrslur um athuganir sínar og grípa til aðgerða til að stuðla að virkri samkeppni þar sem það er nauðsynlegt. Mál þetta snýst um synjun FoodCo á því að veita Samkeppniseftirlitinu upplýsingar sem eftirlitið telur nauðsynlegar til þess að sinna hlutverki sínu samkvæmt samkeppnislögum.

#### 1.

Í málinu liggur fyrir að FoodCo hefur ekki svarað ítrekaðri beiðni Samkeppniseftirlitsins um upplýsingar. Eins og greinir í málsatvikum hafði Samkeppniseftirlitið fyrst samband við FoodCo með bréfi dagsettu 9. desember 2011 og óskaði eftir þátttöku fyrirtækisins í netkönnun sem framkvæmd var af Samkeppniseftirlitinu. FoodCo lét hjá líða að svara netkönnuninni sem varð til þess að Samkeppniseftirlitið sendi fyrirtækinu formlega upplýsingabeiðni með vísan til 19. gr. samkeppnislaga og gaf frest til 5. janúar 2012. Engar upplýsingar né andmæli bárust frá FoodCo fyrir þá dagsetningu. Með bréfi dagsettu 10. janúar 2012 var FoodCo tilkynnt að til skoðunar væri hjá Samkeppniseftirlitinu að leggja dagsektir á fyrirtækið. Var fyrirtækinu gefinn kostur á því að koma að sínum sjónarmiðum en Samkeppniseftirlitinu bárust ekki viðbrögð innan gefnis frests.

#### 2.

Í 1. mgr. 19. gr. samkeppnislaga er Samkeppniseftirlitinu veitt rík heimild til þess að afla upplýsinga frá fyrirtækjum. Í 1. mgr. 19. gr. segir:

*„Samkeppniseftirlitið getur krafist einstök fyrirtæki, fyrirtækjahópa og samtök fyrirtækja, sem lög þessi taka til, um allar upplýsingar sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála. Upplýsinga er hægt að krefjast munnlega eða skriflega og skulu þær gefnar innan hæfilegs frests sem stofnunin setur.“*

Beiðni Samkeppniseftirlitsins um upplýsingar skv. 19. gr. samkeppnislaga felur „í sér skyldu fyrir móttakanda hennar að verða við henni nema annað sé tekið skýrt fram“, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 3/2004, *Ker hf. o.fl.* gegn *samkeppnisráði*. Brot á upplýsingaskyldu skv. 19. gr. samkeppnislaga varðar m.a. stjórnvaldssektum eða dagsektum, sbr. 37. og 38. gr. laganna.

#### 3.

Samkvæmt 38. gr. samkeppnislaga getur Samkeppniseftirlitið, ef ekki er farið að ákvörðun sem tekin hefur verið samkvæmt samkeppnislögum, lagt á dagsektir þar til farið verður að ákvörðuninni. Álagning dagsekta er þvingunaraðgerð til þess að knýja



fram efndir. Greiða skal tiltekna fjárhæð fyrir hvern dag sem líður án þess að tiltekinni skuldbindingu sé fullnægt. Samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga getur Samkeppniseftirlitið eins og fram hefur komið krafist fyrirtæki um nauðsynlegar upplýsingar. Með 19. gr. samkeppnislaga hefur löggjafinn veitt Samkeppniseftirlitinu ríkar heimildir til öflunar gagna, enda reynir mjög á upplýsingagjöf við framkvæmd samkeppnislaga. Ljóst er að brot gegn upplýsingaskyldu skv. 19. gr. samkeppnislaga heimilar Samkeppniseftirlitinu að leggja á dagsektir á brotlegan aðila, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands frá 14. maí 2009 í máli nr. 479/2008, *Samkeppniseftirlitið gegn IceCapital ehf.*

#### 4.

Eins og nánar er rakið hér að framan hefur Samkeppniseftirlitið ítrekað vakið athygli á lögboðinni upplýsingaskyldu FoodCo á grundvelli 19. gr. samkeppnislaga vegna skoðunar Samkeppniseftirlitsins á frekari aðgerðum vegna endurskipulagningar og eignarhalds bankanna á atvinnufyrirtækjum. Samkeppnisyfirvöld hafa ríka hagsmuni af því að geta aflað upplýsinga um einstök mál, hegðun einstakra fyrirtækja á markaði sem og almenna stöðu og þróun markaða. Þessar upplýsingar eru nauðsynlegar til að þau geti sinnt skyldum sínum til eftirlits og ákvarðana. Í samræmi við þetta er Samkeppniseftirlitinu fengnar víðtækar heimildir að lögum til að afla upplýsinga og gagna frá hverjum þeim sem hefur yfir þeim að ráða, m.a. með húsleit og haldlagningu gagna.

Í ljósi framangreinds er það mat Samkeppniseftirlitsins að FoodCo hafi með athafnaleysi sínu vanrækt ótvíræða lagaskyldu um afhendingu upplýsinga og brotið þar með gegn 19. gr. samkeppnislaga eins og rakið hefur verið hér að ofan. Telur Samkeppniseftirlitið því óhjákvæmilegt að beita heimild 38. gr. samkeppnislaga og taka ákvörðun um álagningu dagsekta til þess að knýja FoodCo til þess að fara að lögum og afhenda umræddar upplýsingar.

### III.

#### Ákvörðunarorð:

**„FoodCo hf. hefur ekki farið að ákvörðun Samkeppniseftirlitsins samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga um upplýsingaskyldu.**

**Af þessum sökum og með heimild í 38. gr. samkeppnislaga leggur Samkeppniseftirlitið dagsektir á FoodCo hf. Skal FoodCo hf. greiða 250.000 krónur á dag þar til upplýsingabeiðni Samkeppniseftirlitsins frá 23. desember 2011 hefur verið svarað með fullnægjandi hætti.“**

Samkeppniseftirlitið



Páll Gunnar Pálsson